



Reglur um dróna

Almennt

Drónar eru leyfðir á akstursípróttaviðburðum á Íslandi með nokkrum takmörkunum.

Samgöngustofa hefur gefið út eftirfarandi reglur:

- [Veggspjald - reglur um tómstundaflug](#)
- [Veggspjald - reglur um atvinnuflug](#)

Drónar geta valdið hættu ef þeir lenda í snertingu við áhorfendur, keppendur eða tæki.

Keppnisstjórn krefst þess að stjórnendur dróna skrái sig sérstaklega. Keppnisstjórn getur takmarkað fjölda dróna sem leyft er að nota og sett aðrar takmarkanir. Stjórnendur dróna þurfa að vera í áberandi öryggisvesti eða með skærlitað únliðsband.

Stjórnendur dróna eru ábyrgir fyrir tjóni sem drónar þeirra kunna að valda.

Takmarkanir

1. Ekki er heimilt að fljúga yfir áhorfendasvæði
2. Ekki er heimilt að fljúga í sjónlínu ökumanns í keppni eða trufla á annan hátt
3. Öllum drónum þarf að vera stjórnað af stjórnendum á skrá hjá keppnisstjórn
4. Keppnisstjórn ákveður hámarksfjölda dróna og hvar má fljúga þeim

Ef ekki er farið eftir þessum reglum getur það þýtt frávísun frá viðburði.